

Fjölbreytt dagskrá í til- efni afmælis Kópavogs

Kópavogskaupstaður minnst 35 ára afmælis síns í dag með marg-
víslegum hætti. Afmælishátíðin
verður kl. 14.00 í Félagsheimili
Kópavogs í dag. Þar verða útnefnd-
ir bæjarlistamenn Kópavogs, út-
gáfufélag Lionsklúbbs Kópavogs
kynnir útgáfu á Sögu Kópavogs í
þremur bindum, Samkór Kópavogs
syngur, nýstaðfest aðalskipulag
bæjarins verður kynnt og opnuð
verður sýning á því í Félagsheimili
og bókasafni.

Þennan sama dag halda nemend-
ur Tónlistarskóla Kópavogs tón-
leika í skólanum í Hamraborg 11,
þar sem eingöngu verður flutt ís-
lensk tónlist, og daginn eftir, laug-
ardaginn 12. maí, heldur Skólakór
Kársness afmælistónleika í Lang-

holtskirkju í Reykjavík. Á þeim
tónleikum koma fram um tvö
hundruð börn og unglingar.

Allan laugardaginn frá kl. 10-16
stendur bæjarbúum og öðrum gest-
um til boða að skoða ýmis mann-
virki og stofnanir í bænum. Skipu-
lagssýning verður í bókasafninu,
nýja sundlaugin á Rútstúni við
Urðarbraut verður opin og ókeypis
verður í gömlu laugin þar sem
félagar úr sunddeild Breiðabliks
þjóa gestum upp á kaffi og með-
læti.

Náttúrufæðistofa Kópavogs
verður opin og athafnasvæðið við
Kársneshöfn sömuleiðis. Þar verð-
ur boðið upp á stuttar bátsferðir.
Kl. 14.00 verður opnuð sýning í
Snælandsskóla á verkum nem-

enda.

Á sunnudaginn kl. 14.00 verður
hátíðarguðsþjónusta Kársnes- og
Digranessókna í Kópavogskirkju.
Séra Árni Pálsson þjónar fyrir alt-
ari og séra Þorbergur Kristjánsson
prédikar. Þann 15. maí verður svo
opnuð sýning í bókasafninu á
myndlist og verkefnum barna á
leikskólanum Grænatúni. Loks má
geta um umfangsmikla kynningu á
starfsemi leikskóla og skólada-
heimila í Kópavogi frá 12. maí og
út mánuðinn. Þar er um að ræða
„opið hús“ og margvíslegar
skemmtanir og uppákomur sem
börnin standa sjálf fyrir undir leið-
sögn föðra og starfsfólks stofnan-
anna.



Skólakór Kársness, sem sést hér fyrir framan Kópavogskirkju, heldur tónleika á morgun og er það einn liður í hátíðahöldunum.



Á laugardaginn verða opnaðar tvær sýningar að Kjarvalsstöðum. Í Vestursal opnar Steinunn Þórarinsdóttir sýningu á höggmyndum og í austursal opnar Myndlista- og handiðaskólinn sýningu á útskriftarverkum nemenda. Á myndinni er Steinunn Þórarinsdóttir ásamt nokkrum höggmyndum sínum. Kjarvalsstaðir eru opnir daglega frá kl. 11.00-18.00.

DV-mynd BG

Nýhöfn:

Sýning Vignis Jóhannssonar

Vignir Jóhannsson opnar sýningu í listasalnum Nýhöfn, Hafnarstræti 18, laugardaginn 12. maí kl. 14-16. Á sýningunni verða listaverk unnin úr ýmsum efnum á þessu og síðasta ári.

Vignir er fæddur á Akranesi 1952. Hann stundaði nám við Myndlista- og handiðaskóla Íslands 1974-1978 og framhaldsnám í Rhode Island School of Design í Bandaríkjunum. Vignir

hefur búið lengi erlendis og núna er hann búsettur í Santa Fe í Nýju Mexíkó þar sem hann vinnur alfaríð að list sinni.

Hann hefur haldið fjölda einkasýninga hér heima og erlendis og tekið þátt í samsýningum víða um heim.

Sýningin er opin virka daga frá kl. 10-18 nema mánudaga og frá kl. 14-18 um helgar. Sýningunni lýkur 30. maí.

Sveinn Björnsson í Hafnarborg:

Sýning í tilefni fjöru- tíu ára málaraferils

Sveinn Björnsson opnar mál-
verkasýningu í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, laugardaginn 12. maí. Tilefnið er 65 ára afmæli listamannsins og 40 ára málaraferill. Á sýningunni verða um sextíu olíumálverk og klippimyndir. Sýningin er opin frá kl. 14-19. Sýningin stendur til 27. maí.

Sveinn Björnsson fæddist á Skálum á Langanesi 1925. Stundaði hann nám í Det Kongelige Akademi í Kaupmannahöfn, einnig í Róm, Flór-

ens og París. Sveinn hefur haldið fjölda einkasýninga og samsýninga. Einkasýningar: Í Listamannaskólanum í Reykjavík og í Vestmannaeyjum 1954, Reykjavík, Hafnarfirði og átta öðrum stöðum 1958-1977, Gallerí M í Kaupmannahöfn 1966, Kjarvalsstöðum 1975, Den Frie Udstilling, Kaupmannahöfn, 1978, Svart á hvítu 1982, Kjarvalsstöðum 1983, Den Frie Udstilling 1985. Kgl. Lyngby, Danmörku, 1988 og síðasta sýning hans var á Kjarvalsstöðum í fyrra.

Íslenska hljómsveitin:


Frumraun ungs stjórnanda

Íslenska hljómsveitin heldur tónleika í Langholtskirkju sunnudaginn 13. maí og hefjast þeir kl. 17.00. Á dagskrá eru fjögur tónverk: Oktett fyrir blásara eftir Igor Stravinsky, Áttkeytla eftir Þorkel Sigurbjörnsson, Appalachian Spring eftir Aaron Copland og The Unanswered Question eftir Charles Ives. Stjórnandi er Guðmundur Óli Gunnarsson og er þetta í fyrsta sinn sem hann stjórnar Íslensku hljómsveitinni.

Guðmundur er fæddur 1961. Hann stundaði nám við Tónlistarskóla Reykjavíkur og síðan við tónlistarskólann í Utrecht í Hollandi. Þaðan lauk hann prófi í hljómsveitarstjórn í janúar síðastliðnum. Aðalkennarar hans voru þeir David Porvelin og Kenneth Montgomery. Guðmundur hefur einnig sótt einkatíma hjá Jorma Panula í Kaupmannahöfn.

Eins og sést á upptalningu á verkunum á tónleikunum er eitt ís-

lenskt verk, Áttkeytla Þorkels Sigurbjörnssonar. Var verkið samið að tilhlutan Íslensku hljómsveitarinnar og frumflutt undir stjórn höfundar á tónleikum í maí 1985. Lykillinn að Áttkeytlu felst í titlinum. Verkið er samið fyrir átta hljóðfæraleikara. Í leik þeirra visar tónskáldið til kveðskaparmála með tónrænum hugmyndum um rím, stuðla og höfuðstafi.



Hér má sjá nokkur verka Sveins á sýningu hans í Hafnarborg.

DV-mynd BG